

## Viðauki. Niðurstöður netkönnunar Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála meðal kjörinna fulltrúa, starfsmanna fagsviða og miðlægrar stjórnsýslu Reykjavíkur – og samanburður við könnun Félagsvísindastofnunar þar sem við á

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála framkvæmdi eigin netkönnun meðal 20 kjörinna fulltrúa (borgarfulltrúa og fyrstu varamanna), 15 starfsmanna miðlægrar stjórnsýslu og 30 starfsmanna fagsviða borgarinnar. Starfsmenn stjórnsýslunnar voru valdir af handahófi úr starfsmannaskrá. Svarhlutfallið var 75% meðal kjörinna fulltrúa, 65% meðal starfsmanna miðlægrar stjórnsýslu og 93% meðal starfsmanna á fagsviðum borgarinnar. Niðurstöður könnunarinnar eru öruggastar varðandi svör kjörinna fulltrúa enda var þar leitað til alls þýðisins, en gefa ákveðna vísbendingu um afstöðu starfsmanna stjórnsýslunnar.

**Tafla 1. Hvaða atriði hafa tekist vel eða illa í framkvæmd Betri Reykjavíkur? (%)**

	Mjög/frekar vel	Hvorki né	Mjög/frekar illa	Alls	N
<b>Kynningarmál:</b>					
Kjörnir fulltrúar:	14	14	72	100	14
Starfsmenn stjórnsýslu:	37	46	17	100	35
<b>Afgreiðsla og framkvæmd:</b>					
Kjörnir fulltrúar:	29	50	21	100	14
Starfsmenn stjórnsýslu:	34	49	17	100	35
<b>Móttaka hugmynda og flokkun:</b>					
Kjörnir fulltrúar:	75	0	25	100	12
Starfsmenn stjórnsýslu:	40	43	17	100	35
<b>Mikilvægi erinda:</b>					
Kjörnir fulltrúar:	0	54	46	100	11
Starfsmenn stjórnsýslu:	18	41	41	100	34
<b>Að hindra misnotkun:</b>					
Kjörnir fulltrúar:	50	12	38	100	8
Starfsmenn stjórnsýslu:	23	46	31	100	26
<b>Þátttaka í forgangsröðuninni:</b>					
Kjörnir fulltrúar:	11	0	89	100	9
Starfsmenn stjórnsýslu:	19	52	29	100	31

Þegar svarendur voru spurðir hvort þeir vildu taka afstöðu til þess hvort önnur atriði hefðu gengið vel eða illa svöruðu þeir: Samstarfið við Íbúa ses, að svara erindum og að vekja áhuga borgarstarfsmanna.

**Tafla 2. Hvaða atriði hafa tekist vel eða illa í framkvæmd Betri hverfa? (%)**

	Mjög/frekar vel	Hvorki né	Mjög/frekar illa	Alls	N
<b>Kynningarmál:</b>					
Kjörnir fulltrúar:	46	15	39	100	13
Starfsmenn stjórnsýslu:	50	26	24	100	34
<b>Tímaramminn sem ferli málsins er ætlað:</b>					
Kjörnir fulltrúar:	59	33	8	100	12
Starfsmenn stjórnsýslu:	21	45	34	100	29
<b>Mikilvægi hugmynda:</b>					
Kjörnir fulltrúar:	42	50	8	100	12
Starfsmenn stjórnsýslu:	26	48	26	100	31
<b>Að hindra misnotkun:</b>					
Kjörnir fulltrúar:	67	11	22	100	9
Starfsmenn stjórnsýslu:	21	54	25	100	24
<b>Þátttaka í forgangsröðuninni við val á málum til kosninga:</b>					
Kjörnir fulltrúar:	42	25	33	100	12
Starfsmenn stjórnsýslu:	35	46	19	100	26
<b>Kosningin sjálf:</b>					
Kjörnir fulltrúar:	55	18	27	100	11
Starfsmenn stjórnsýslu:	47	33	20	100	30

Þegar svarendur voru spurðir hvort þeir vildu taka afstöðu til þess hvort önnur atriði hefðu gengið vel eða illa svöruðu þeir: Samstarfið við Íbúa ses, of lítt munur er á Betri Reykjavík og Betri hverfum, fjöldi kosninga og að vekja áhuga borgarstarfsmanna.

**Tafla 3. Telur þú mikilvægt eða telur þú það skipta litlu máli að íbúar Reykjavíkur geti haft áhrif á þróun nærumhverfis þeirra? (%)**

	Mjög eða frekar mikilvægt	Hvorki né	Skiptir litlu eða engu máli	Alls	N
Kjörnir fulltrúar:	100	0	0	100	15
Starfsmenn stjórnsýslu:	90	3	8	100	38
Íbúar Reykjavíkur:	97	ekki notað	3	100	1288

**Tafla 4. Telur þú mikilvægt eða telur þú það skipta litlu máli að Reykjavíkurborg veiti betri upplýsingar á vefsíðum sínum um eftifarandi atriði? (%)**

	Mjög eða frekar mikilvægt	Hvorki né	Skiptir litlu eða engu máli	Alls	N
<b>Stefnumótun:</b>					
Kjörnir fulltrúar:	93	7	0	100	14
Starfsmenn stjórnsýslu:	92	5	3	100	37
Íbúar Reykjavíkur:	90	ekki notað	10	100	1122
<b>Fjárveitingar:</b>					
Kjörnir fulltrúar:	100	0	0	100	14
Starfsmenn stjórnsýslu:	92	5	3	100	38
Íbúar Reykjavíkur:	93	ekki notað	7	100	1140
<b>Framgang verkefna:</b>					
Kjörnir fulltrúar:	100	0	0	100	14
Starfsmenn stjórnsýslu:	97	3	0	100	38
Íbúar Reykjavíkur:	92	ekki notað	8	100	1155

Hér fer á eftir upptalning á öðrum málum sem þátttakendur í könnununum vilja fá betri upplýsingar um á vef: Mál til umfjöllunar hverju sinni (aukið gegnsæi), mál í vinnslu, framkvæmdir á döfinni, bæta Rafræna Reykjavík, áætlanir byggðar á stefnum, húsnæðis- og skipulagsmál, opna bókhaldið, skóla- og tómstundamál, samgöngu-, ferða- og gatnamál, velferðar- og heilbrigðismál, sorphirða og mokstur, framkvæmdir, þjónusta við íbúa, umhverfismál s.s. magn úrgangs, orkunotkun, mávaeyðing og hamingjumælingar.

**Tafla 5. Telur þú mikilvægt eða telur þú það skipta litlu máli að stjórnþála- og borgarstarfsmenn Reykjavíkurborgar ræði við íbúa á vefsíðum borgarinnar um eftifarandi atriði? (%)**

	Mjög eða frekar mikilvægt	Hvorki né	Skiptir litlu eða engu máli	Alls	N
<b>Stefnumótun:</b>					
Kjörnir fulltrúar:	92	0	8	100	13
Starfsmenn stjórnsýslu:	54	22	24	100	37
Íbúar Reykjavíkur:	78	ekki notað	22	100	1178
<b>Fjárveitingar:</b>					
Kjörnir fulltrúar:	85	8	7	100	13
Starfsmenn stjórnsýslu:	43	32	24	100	37
Íbúar Reykjavíkur:	80	ekki notað	20	100	1176
<b>Framgang verkefna:</b>					
Kjörnir fulltrúar:	85	8	7	100	13
Starfsmenn stjórnsýslu:	57	30	14	100	37
Íbúar Reykjavíkur:	81	ekki notað	19	100	1183

Hér fer á eftir upptalning á öðrum málum sem þáttakendur í könnununum vilja að stjórnmálamenn og borgarstarfsmenn ræði við íbúa á vefnum: Mál til umfjöllunar hverju sinni (aukið gegnsæi), mál í vinnslu (í ferli), skóla- og tómstundamál, eftirlit með verkefnum og fjármálum, samgöngu-, ferða- og gatnamál, þjónusta við íbúa, sorphirða og mokstur, framkvæmdir, velferðar- og heilbrigðismál, umhverfismál s.s. magn úrgangs, orkunotkun, starfsáætlanir, húsnæðis- og skipulagsmál, allt sem íbúar vilja ræða og nærumhverfi íbúa.

**Tafla 6. Hvaða aðilar innan stjórnerfis Reykjavíkurborgar eiga að stjórna og framkvæma samráð við íbúa um framkvæmdir í nærumhverfi? (%)**

	Stjórnmálamenn og miðlæg stjórnsýsla fremur en fagsvið	Báðir aðilar	Fagsvið fremur en stjórnmálamenn og miðlæg stjórnsýsla	Alls	N
Kjörnir fulltrúar:	57	29	14	100	14
Starfsmenn stjórnsýslu:	13	45	42	100	38

**Tafla 7. Hvaða aðilar innan stjórnerfis Reykjavíkurborgar eiga að ræða við og skýra fyrir íbúum almenn borgarmálefni (þróunarmál)? Og hvaða aðili á að taka á móti erindum íbúa almennt, t.d. varðandi nærumhverfi eða minniháttar mál? (%)**

	Stjórnmálamenn fremur en embættismenn	Báðir aðilar	Embættismenn fremur en stjórnmálamenn	Alls	N
<b>Borgarmálefni (þróunarmál):</b>					
Kjörnir fulltrúar:	62	38	0	100	13
Starfsmenn stjórnsýslu:	61	32	8	100	38
<b>Erindi íbúa almennt:</b>					
Kjörnir fulltrúar:	23	46	31	100	13
Starfsmenn stjórnsýslu:	8	21	71	100	38

**Tafla 8. Finnast þér önnur gagnvirk samskipti og afgreiðsla/þjónusta Reykjavíkurborgar við íbúa á rafrænum miðlun hafa tekist vel til eða illa? (%)**

	Mjög/frekar vel	Hvorki né	Mjög/frekar illa	Alls	N
<b>Vefur Reykjavíkurborgar:</b>					
Kjörnir fulltrúar:	25	8	67	100	12
Starfsmenn stjórnsýslu:	28	26	46	100	35
<b>Rafræn Reykjavík / Mínar síður:</b>					
Kjörnir fulltrúar:	20	30	50	100	10
Starfsmenn stjórnsýslu:	41	28	31	100	29
<b>Borgarvefsjá:</b>					
Kjörnir fulltrúar:	92	0	8	100	12
Starfsmenn stjórnsýslu:	80	10	10	100	30

Vefir Höfuðborgarstofu:					
Kjörnir fulltrúar:	57	14	29	100	7
Starfsmenn stjórnsýslu:	33	50	17	100	18

Þegar svarendur voru spurðir hvort þeir vildu taka afstöðu til hvort önnur atriði hefðu gengið vel eða illa svoruðu þeir: Lóðavefur (hann er sagður óskýr varðandi hvaða lóðir eru í boði), ábendingagátt, Facebook og framkvæmdasjá.

### Athugasemdir svarenda í könnun meðal kjörinna fulltrúa og starfsmanna stjórnsýslu borgarinnar:

Fram kom í athugasemdum að hugmyndirnar í Betri Reykjavík væru farnar að koma fram aftur og aftur og þær sem væru nýjar væru of léttuðugar til þess að taka vinnutíma starfsfólks. Nefnt var að uppbyggingin væri ruglingsleg, betra væri að hafa eina gátt fyrir hugmyndir. Fram kom að forgangsröðun sárafárra íbúa væri ekki lýðrædisleg leið í samráði. Þá var nefnt að lýðræði mætti ástunda á öðrum vettvangi en varðandi erindi íbúa á netinu. Í því sambandi var nefnt að úrræðin næðu ekki til þeirra sem notuðu netið lítið. Einnig að töluvert flókið væri að greina mál niður á málaflokk og svið og þurfí raunar innanhússþekkingu til þess ef vel á að vera. Tímaramminn fyrir Betri hverfi sé of þróngur, þátttaka í forgangsröðunum lítil og áhuga borgarstarfsmanna ábótavant. Þá kom fram að mörg verkefnanna eru smáverkefni sem hvort sem er eru á viðhaldslista umhverfis- og skipulagssviðs og ekki ástæða til þess að kjósa um.